



**Umsögn stjórnar Geðverndarfélags Íslands um Frumvarp til laga um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000 með síðari breytingum (lenging fæðingarorlofs).**

150. löggjafarþing 2019-2020

Þingskjal 529 – 393. mál. Stjórnarfrumvarp.

Stjórn GÍ leggur áherslu meginhugmyndina um fæðingarorlof sem kemur fram í **markmiðsgrein** laganna, 2. greininni, að fæðingarorlof foreldra sé til að **tryggja barni** samvistir við foreldra. Barnið er m.ö.o. miðpunktur laganna og þarfir þess þar með í öndvegi. Stjórn GÍ leggur áherslu á að þarfir barnsins komi alltaf í fyrsta sæti og að þarfir foreldranna þurfi að laga að þörfum barnsins, en ekki öfugt.

Fjölmargar rannsóknir styðja mikilvægi góðrar umönnunar foreldra við barn og heilbrigðrar tengslamyndunar milli barns og foreldris/foreldra fyrst tvö árin. Fyrstu tvö árin geta verið afgerandi um framtíð barnsins og ráðið úrslitum um hvort úr grasi vaxi heilbrigður og farsæll einstaklingur sem hefur notið nærandi samskipta við foreldra sína, eða barn sem þróast yfir í unglíng og síðan fullorðna manneskju með margháttaðan vanda sem rekja má til ýmiss konar áfalla fyrstu tvö árin, eða ónógs, nærandi tíma með foreldrum á þessu mikilvæga mótunarskeiði í lífi hvers barns. Þá fjárhagsleg rök eigi ekki að ráða öllu um velferð fjölskyldna þá hefur margoft verið bent á hve mikla fjármuni megi spara með snemmtækri íhlutun í málefni barna og -fjölskyldna, t.a.m. hefur London School of Economics komist að því að breska ríkið gæti sparað 40 milljónir sterlingspunda á ári, sjá hér: <http://www.lse.ac.uk/website-archive/newsAndMedia/newsArchives/2010/11/mentalHealth.aspx>

**Að þessu sögðu er það álit stjórnar GÍ að lagabreytingartillögu þeirri, sem hér er til umfjöllunar, verði breytt á þann veg að hvert barn fái 24 mánaða orlof með foreldri sínu eða foreldrum.**

Þessi afstaða félagsins er í samræmi við **Stefnu Geðverndarfélags Íslands um geðheilbrigði ungra barna á Íslandi** sem var samþykkt á aðalfundi félagsins 2018. Hún fylgir þessari umsögn ásamt grein Sæunnar Kjartansdóttur, sálgreinis, „Hvernig væri að ráða hæfasta fólkið“ sem birtist í Fréttablaðinu 19. mars 2018.

Með vinsemd

**Stjórn Geðverndarfélags Íslands.**